

Páll Óskar Hjálmtýsson
1997

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

BetaSP Digital 9741-9744

© Krumma films ehf.

9741

Sko í sjálfu sér hef ég aldrei í rauninni getað fastákveðið hvenær ég kem úr felum og hvenær ég er í skápnum því mér fannst ég aldrei vera neitt í skápnum. En það var þó eitt öðru fremur sem að hvatti mig til að gera eitthvað við mína kynhneigð og ákveða hvers konar lífsstíl ég vildi fara að lifa og það var alveg ákaflega dramatísk heimsókn mín í gufuna í Vesturbæjarlauginni. Reyndar þá er Vesturbæjarlaugin, hún á ákaflega stórt pláss hérna í hjartanu á mér sko, ég lærði að synda í þessari laug svona þegar ég var sjö ára og hafði aldrei fattað að það væri eitthvað gufubað meðfylgjandi þessari laug. Og svo er ég eitthvað að dandalast þarna fimmtán, sextán ára og í sjálfu sér hafði ég alltaf vitað að ég væri gay. Ég bara kunni ekki að koma því í orð, ég hafði engar fyrirmyndir að því hvað það væri að vera gay, hafði ekki hugmynd um hvort að fólk væri eitthvað í nöp við homma eða ekki og leit nú eiginlega bara á þetta sem hálfgerðan brandara svona framan af. Nema hvað náttúrliga þegar kynhvötin vakna og þetta þegar maður er tólf ára þá bara veit ég þetta svona og er ekkert að pæla í þessu fyrir en í gufunni í Vesturbæjarlauginni þegar ég er sextán ára að þá er ég vitni að því að það er ákaflega mikið af eldri mönnum. Og þá er ég að tala um milli sextugs og sjötugs sem að venja sem sagt komur sínar þangað í örvæntingarfullri leit að kynferðislegri fullnægingu vegna þess að þetta er annað hvort eitthvað sem þeir hafa neitað sér um eða ekki upplifað af eitthvað öðrum örsökum alla sína hunds- og kattartíð. Og í rauninni hafa þeir farið algjörlega á mis við sjálfa sig, sinn raunverulega lífsstíl sko og bara ætlunarverk sitt hér á jörðinni út af einhverju svona samfélagsmynstri sem þeir bara mjaka sér í og kannski út af einhverjum uppeldisaðferðum sem þeir urðu fyrir í sinni tíð en allavega verður til þess að þeir þú veist, giftast einhverri konu sem þeir elska ekki neitt, eignast börn sem að þeir hefðu aldrei ætlað sér að kannski, auðvitað elskar maður börnin sín, en það er svolítið sárt samt að lifa í lygi með börnunum sínum. Jæja og síðan, þegar þessir náungar eru algerlega að missa af lestinni, þegar þú ert kominn svona með aðra löppina í gröfina næstum því að þá mæta þeir gjörsamlega skammlaust þess vegna með heftiplásturinn eftir hjartaaðgerðina í helvítis gufuna og ætla að fara að stunda eitthvað helvítis kynlíf, helst með mér, æðislega fresh meat og það var þá sem ég sagði: Nei! Ég ætla ekki að fara að gera sjálfum mér þann grikk að enda svona þegar ég verð sextugur. Ég ætla persónulega að geta litið til baka og sagt: Ég var sextán ára, sautján ára og átján ára unglingur samkynhneigður, hamingjusamur, kynferðislega

aktífur unglingur. Af því ég veit alveg hversu mikið það er að vera unglingur og hvað þessi unglingsár eru að móta mann og hvað þau eru drastísk fyrir bara allt patternið sem eftir er og hvað unglingsárin geta bara breytt allri manns ævi í bara einhverja algjöra sápuóperu ef maður passar sig ekki. Og ef maður fæðir ekki sjálfan sig á nógu góðu veganesti á unglingsárunum að þá bara bíður gufan eftir þér þegar þú ert sextugur og sjötugur. Ég nennti því ekki.

Og þetta var aðal ástæðan fyrir því að ég fór að raða mér saman og aðeins pæla í sjálfum mér, og fór að gera svona þumalputtatest á sjálfum mér. Þú veist ímynda mér að í þessari hendi þá, og þetta er mjög einfalt trikk, ok það er ofsa mikið af fólki sem kemur til mín og spyr mig: Heyrðu ég veit ekki hvort ég sé gay eða ekki blalalala og, spyr mig: Hvað á ég að gera? Og ég segi: Ok, ímyndaðu þér að í þessari hendi sértu með alveg getnaðarlegustu þú í heimi, alveg bara Tracy Lords og bara í svona háum hórustígvélum og ég veit ekki hvað og hvað og til í tusk. Hérna megin ertu með Mel Gibson og hann er líka til í tusk. Svo bara hefurðu þau hérna og pælir aðeins í þeim og svo labba þau í burtu. Ok, hvort ætlar þú að fara á eftir Mel Gibson eða Tracy Lords? Og það var bara mjög einfalt hjá mér. [Hlær] Þetta er svo einfalt. Nú ef þú ferð í báðar áttir þá ertu bara bisexual og ekkert mál með það og þá bara áttu ekkert að vera að mála skrattann á vegginn sko. Þá bara hefur þú hæfileikann til að verða ástfanginn af báðum kynjum og hefur bara 100 prósent séns á deiti. Og þannig að þegar þetta var komið á tært hjá mér þá fór ég að í staðinn fyrir að grípa eitthvert lúður og fara að blaðra eitthvað út um allan bæ að þá fór ég bara að afla mér upplýsinga og líka bara að stunda kynlíf, þú veist, ég byrja sem sagt að stunda kynlíf með karlmönnum þegar ég var sextán ára og var í svona rosalegu stuði alveg frá fyrsta degi. Þetta var ekkert case, ég varð meira að segja ástfanginn og svona. Þetta var svona spring affair sko. Og það vill svo til að þessi náungi sem ég varð ástfanginn af, hann hvatti mig til að fara upp í Samtökin '78 þótt það væri ekki nema bara til að kíkja uppá bókasafn og byrja að grúska. Af því að það mega þau eiga að þau hafa alla tíð rekið ofsalega gott heilbrigt bókasafn með öllum þeim literatúr sem þú vilt sko og tímaritum sem er mjög gaman að grúska í og það er eiginlega í gegnum, þegar þú ert að hugsa um svona huglæga hluti og ert að fara í gegnum svona rosalega sjálfskoðun eins og þegar þú ert bara: Hver er kynhneigð mín? skilurðu, að þá eiginlega geturðu ekki fundið rétta svarið og þú getur ekki nálgast innsta hringinn nema kannski í gegnum skáldskap. Eða literatúr annars fólks eða tónlist eða

kvikmyndir eða eitthvað svolleiðis. Það er allavega þannig sem ég lít á það. Þannig að áfram bókasafn Samtakanna '78. Þar geturðu bara fundið þær bíómyndir sem þú þarft að horfa á og lesið þann literatúr og blaðað í þeim blöðum sem eru gefin út á þeim tíma, bara maí 1986, þannig að þú bara fáir það ekki á tilfinninguna að þú sért einn í heiminum. Og það er þarna uppi á bókasafninu sem ég bara fatta það að það er bara heilt samfélag í gangi sem ég er að missa af. Bara do you know the way to San Jose. Þannig að ég stökk um borð og fór bara að afla mér upplýsinga og var síðan ekkert smá til í tuskið þegar ég í rauninni kem út fyrir fjölskyldu og vinum. Því ég vissi það, það var svona fólk í eldri kantinum sem var búíð að segja mér það að þegar þú kemur út að þá verðurðu að vera tilbúinn til að svara spurningunum sem þú verður spurður að því þú verður spurður að helvíti mörgum spurningum sko. Og ég vildi bara ekki springa á limminu og undirbjó mig helvíti vel og ráðlegg öðru fólki sem er að koma út að undirbúa þetta að minnsta kosti að einhverju leyti. Bara hreinlega að það viti um hvað það er að tala. Af því það gæti orðið svolítið hallærislegt að segja við mömmu þína hmm hmm hmm og þetta kemur út úr þér í einhverju hálfkákí, það er ekkert voðalega traustvekjandi.

Pabbi átti bara eiginlega erfiðast með að höndla pakkann. Og ég vissi það eiginlega alltaf. En náttúrliga þegar maður talar um viðbrögð sko að þá verður maður að passa sig á því að þetta er svo hrikalega einstaklingsbundið. Í þessum málum þá segir enginn sömu sögu tvisvar. Algjörlega. Ég hafði heyrt fullt af sögum, bara mamma eins drap sig, stökk út um glugga, mamma eins bara faðmaði hann að sér og þau urðu bara enn betri vinir en áður og þar frameftir götunum. Sko viðbrögðin geta verið svo ýkt og beggja blands. Þannig að ég bara beinlínis hélt fyrir nefið og stakk mér til sunds sko og treysti því að fjölskyldan og þetta fólk sem að væri búíð að ala mig upp hingað til væri nógu klárt milli eyrnanna til að taka þessu eins og fullorðið fólk og ekki vera með nein fíflalæti. Af því ég var ekki með nein fíflalæti. Og ég allavega vissi það að ef að það yrðu einhver vandræði í kjölfar þess að ég kæmi út að þá væru það ekki vandræði sem að væru eitthvað á mína ábyrgð fattarðu.

Það var talað bara mjög duglega um þetta bara fyrsta daginn sko. Já einmitt, það var kannski það eina sem ég fílaði ekki hvað varðaði viðbrögð minnar fjölskyldu, bara talað um þetta fyrsta daginn sko, mamma voðalega sæt, hún spurði hvað er þetta eitthvað í

heilastarfseminni og eitthvað svona og það eina sem karlinn hafði áhyggjur af var bara: Hvar ætlaðu að fá vinnu? Þú veist og eitthvað svona. Það var það eina sem hann hafði áhyggjur af sko hvort ég fengi vinnu eða íbúð leigða einhvers staðar. Look at me now, ég er svo busy að ég hef ekki einu sinni tíma fyrir þetta viðtal. Þannig að ég í rauninni náttúrliga vissi betur og gat skellt skollaeyrum við öllu þessu litla rugli sem er náttúrliga spröttið úr ákveðinni fáfræði vegna þess að liðið var bara ekkert að pæla í þessu. En veistu það, að það sem mér mislíkaði í fari þessarar fjölskyldu var sem sagt að daginn eftir var þögult samkomulag um það að allir ættu að halda kjafti og helst það sem eftir væri ævinnar. Og ég fílaði það ekki. Og ég fór í Mannlíf.

En þetta fólk hérna í þessari fjölskyldu held ég hafi svolítið gert sér grein fyrir því að viðtöl og það að vera svolítill opinber persóna átti eftir að verða svolítill hluti af og stór þáttur af minni ævi. Því það vissu allir frá því að ég var tveggja ára að mig langaði til þess að verða skemmtikraftur og performer. Og því starfi fylgir náttúrliga mikið og sterkt kastljós frá þjóðinni. Og ég held að þau hafi senseð svolítið skilurðu að það var ofsalega sterkt og ríkt í mér að koma út á fyrsta degi sem performer. Ég kaus það að gera allri þjóðinni grein fyrir því að ég væri samkynhneigður bara um leið og ég fékk smjörþefinn af því að ég ætti eftir að verða einhver skemmtikraftur. Vegna þess að ég vildi bara ekki eiga það á hættu að ef mér gengi vel í bransanum og ef ég færi að eignast einhverja aðdáendur og fólk sem hlustaði á tónlistina mína og væri bara í fíling að þá vildi ég ekki eiga það á hættu að 20 árum seinna kæmi ég út sem samkynhneigður einstaklingur svolítið með skottið milli lappanna. Og að aðdáendum mínum myndi líða eins og einhver hafi stungið þá í bakið. Ég er núna að hugsa um svona skemmtikrafta á borð við Elton John og Dusty Springfield og Pet Shop Boys og George Michael og Freddie Mercury og allt þetta fólk sem er búið að koma út í hrönnum skilurðu eða hefur verið ýtt út úr skápnum löngu eftir að vinnan hefur verið unnin. Vinna sem hefði án efa alveg getað verið unnin jafn vel eða með jafnmiklum stæl hvort sem fólk hefði vitað að þau væru gay eða ekki. Og ég vildi ekki þetta pattern. Ég er ekki Elton John. Kaus mér þetta ekki og þess vegna í rauninni kýldi á það á fyrsta degi að, grísaði svolítið á það hvað myndi verða um mig sem performer og hvað myndi verða um ferilinn en þar sem þessi fjölskylda er náttúrliga svolítið mikil showfjölskylda þá held ég að þau hafi alveg fattað það að þetta ætti eftir að verða hluti af pakkanum.

Í samfélaginu? Já alveg á tæru. Það var sko í rauninni þá... Ok. Fordómarnir sem ég upplifi eru svolítið margþættir sko. En náttúrlega þá er það bara segin saga, þetta er eiginlega farið að verða klisja, að fordómar eru náttúrlega ekkert annað en hræðsla fólks við hið óþekkta. Og ég fór að spá í það, af hverju er samkynhneigð svona óþekkt eitthvað stærð? Af hverju dettur fólki í hug að vera hrætt við þetta á annað borð? Og ég komst að þeirri niðurstöðu, nú ástæðan fyrir að fólk er hrætt við þetta er að það svona ploppa upp samkynhneigðir einstaklingar hér og þar svona eins og geimverur. Það lendir kannski einn ET á ári í einhverri fjölskyldu á meðan þessir ET-ar ættu að vera tíu á dag. Þannig að það er ekki nema von að þegar það er svona ríkt í samkynhneigðu fólki að halda alltaf kjafti og þegar það er svona ríkt í samkynhneigðu fólki að fara alltaf svona leynt með lífstílinn sinn og hvað það er að bardúsa að þá er ekki nema von að fólk verði hrætt þegar allt í einu óhreina barnið hennar Evu bara dúkkar upp og ætlar að vera með í partíinu. Og það fyrsta sem fólk vildi fá upplýsingar um var kynlífið mitt. Og fólk þyrstir svo óskaplega í upplýsingar um kynlíf samkynhneigðra og það var það fyrsta, og það er í rauninni það fyrsta sem að gagnkynhneigt fólk fókuserar á þegar umræðan beinist að samkynhneigðu fólki og það er kynlífið þeirra. Þannig að ég hugsaði: Ok ef þau vilja fá svona rosalegar upplýsingar um kynlíf og aftur kynlíf að þá er ég rétti maðurinn til að svara þeim og ég skal svara þessum spurningum. Af því að ég trúði því að þegar ég væri búinn að svara þessari kynlífsupplýsingaþörf gagnkynhneigðra í þessu blessaða samfélagi að þá sem sagt yrðu þeir leiðir á því og færu að snúa sér að einhverju öðru, eins og til dæmis músíkinni minni eða því sem ég hefði áhuga á. Veistu það að fyrstu tvö árin mín sem skemmtikraftur, ég eyddi fyrstu tveimur árunum mínum í að svara kynlífsspurningum. Í alvöru. Og ég fór víða sko. Ég var beðinn að halda fyrirlestra í öllum félagsmiðstöðvum og framhaldsskólum, viðtöl hér og viðtöl þar og ekkert mál skilurðu. Þá bara lít ég á mig sem eitthvað útibú frá Jónu Ingibjörgu bara af því það var alveg geðveik þörf fyrir þetta upplýsingastreymi þegar ég kem út sem performer. Þá erum við líka rétt svo að skríða út úr þessari AIDS-paranoiu. Geturðu ímyndað þér, þegar ég er að koma út fyrir sjálfum mér '86, '87, þetta var svona tímabil þegar fólk þorði ekki að þvo sér um hendurnar á almenningssalernum eða bara heima hjá sér helst því það hafði ekki hugmynd um eitt né neitt, paranoian var þvílík. En veistu eitt, að fátt er svo með öllu illt að ekki boði eitthvað gott sko. Og svo skrítið sem það kann að sounda að þá getum við þakkað þetta upplýsingastreymi sem er búið að vera í gangi um samkynhneigt fólk og kynlíf, við getum þakkað það

alnæmisveirunni. Vegna þess að þegar alnæmið fór að skjóta upp kollinum jafn andstyggilegt og það er að þá neyðist fólk í fyrsta sinn kannski í mannkynssögunni að fara að tala um kynlíf. Og ekki bara sitt eigið heldur annarra. Og umræðan kemst á ákveðið stig sem að það hafði aldrei komist á jafnvel þótt það hafi verið kynlífsbylting og svona 1975 eða eitthvað, þá var umræðan af svolítið öðrum meiði núna. Og gagnkynhneigt fólk gerði sér grein fyrir því að samkynhneigt fólk er bara nokkuð stór biti af kökunni. Tíu prósent. Og þetta eru tíu prósent sem er mjög erfitt að ignorera allan daginn.

Ég hef náttúrliga skammað svolítið samkynhneigða samfélagið hér á Íslandi fyrir að hafa ignorerað svolítið sjálft sig svona til að byrja með og tók smá tíma fyrir fólkið að láta á sér kræla. Og það er mjög ríkt í íslenskum hommum og lesbíum að halda kjafti og það er hlutur sem að mér mislíkar mjög mikið sko. En ég er líka búinn að læra eitt annað á þessum sjö ára ferli mínum núna að það er alveg sama hversu mikið ég blaðra og blaðra um samkynhneigð, mína samkynhneigð, minn lífsstíl, annarra manna lífsstíl og kynlíf og plaff plaff plaff. Það er ekkert sem ég get gert og það er ekkert sem í mínu valdi stendur sem ég get gert til þess að ýta fólki út úr skápnum. Það gerist ekki svoleiðis. Það ekkert ósvipað og að ýta einhverjum alkóhólista í meðferð, binda hann og kefla hann og skutla honum inn. Það virkar ekki. Af því að ég held að það að koma út úr skápnum og það að ganga í gegnum þessa sjálfskoðun sem það er, ég held að það sé jafn mikið tilfinningalegt átak og að fara í meðferð. Meðferð er ekkert ósvipuð. Það er ekkert erfitt að hætta að lyfta upp glasinu og drekka úr því. Það er ekkert vesen að hætta því. Það er allt hitt drullið sem að kemur á eftir, brjálaða brjálaða sjálfsskoðunin og þerapían sem að er ekkert alltaf æðislega þægileg, en fólk forðast hana og er hrætt við hana. Og vegna þess að fólk er svona hrætt við hana að þá kys það frekar að lifa lífinu sínu í lygi og ljúga að sjálfum sér og öðrum á hverjum einasta degi og það er engu líkara en að það sé alltaf tími til að ljúga eða til þess að segja hálfan sannleikann. Það er aldrei tími til þess að, fólk þarf alltaf að finna sér tíma til að segja sannleikann. Og mér finnst það ógeðslegt. Ég kaupi það ekki.

Ef við rúllum yfir þennan feril minn eins og kreditkort að þá í fljótu bragði, mín túlkun á þessum ferli er að ég er búinn að vera að hvetja fólk til að segja sannleikann. Ég get hvatt fólk til þess að segja sannleikann, það gerir það mjög sjaldan þannig að það eina

sem ég get gert núna er að mæla með því. Sannleikurinn fær mín bestu meðmæli því það er alveg ótrúlegt hvað hann tekur mikið af öxlunum á þér. Hættið að rogast með þetta helvítist bjarg allan daginn og sannleikurinn er ekkert alltaf æðislega, enginn dans á rósum alltaf hreint en þæliði samt í því að öll el birtir nefnilega upp um síðir.

Ég skal segja þér eina skrítna tilviljun. Síðustu tíu árin er ég búinn að upplifa mjög drastískar breytingar sko. Í viðhorfi gagnkynhneigðra til samkynhneigðra hér á Íslandi. Viðhorfin eru náttúrulega líka búin að vera að breytast mjög mikið úti í hinum stóra heimi en því miður, ég hef ekki verið þar þannig að ég ætla ekki að blaðra um það. Plús það þá ætla ég ekki að fara að blaðra um og ekki tala fyrir hönd allra samkynhneigðra á Íslandi. Djöfuls egóisti þyrfti ég að vera til þess. Það eina sem ég get sagt og gert er frá mínum bæjardyrum séð, mín eigin reynsla og þar fram eftir götunum. Það er það eina sem ég hef rétt til þess að segja frá. Og það sem ég hef upplifað síðustu tíu árin eru breytingar til hins betra. Guði sé lof. Sérstaklega með tilliti til þess, krakkar og unglingar eru miklu upplýstari um það hvað það er að vera hommi eða lesbía. Gagnkynhneigt fólk er núna farið að viðurkenna áhuga sinn á samkynhneigðum. Gagnkynhneigðu fólki þyrstir í upplýsingar um samkynhneigt fólk en hefur bara aldrei látið það neitt berlega í ljós sko. Mér finnst það frábært að gagnkynhneigt fólk er farið að viðurkenna það að í hverju einasta partíi og í hverjum einasta saumaklúbb og í hverjum einasta leikfimitíma hjá bæði stelpum og strákum skilurðu er verið að pæla í því hver er gay, hver geti það verið, ætli hann sé gay, ætli George Michael sé, þú veist, það er stanslaust verið að tala um þetta. Og mér finnst það frábært að áhuginn sé bara official. Og veistu hvað mér finnst frábærast af öllu? Síðastliðin tvö, þrjú ár er ég farinn að taka eftir því að þegar ég er að troða upp, eins mikil drottning og ég get verið á sviði, að þá er ég farinn að sjá í miklu ríkari mæli gagnkynhneigða stráka mæta á tónleika hjá mér og dansa og skemmta sér eins og brjálæðingar. Og það er svona ákveðið klímax, það er svona hápunktur sem að mig dreymdi ekki um að ná fyrir tíu árum síðan.

Já veistu það, ég vil vera fyrirmynd. Það er órjúfanlegur hluti þess starfs sem að ég er í. Ég er opinber persóna og mér er ætlað að vera fyrirmynd. Og þess vegna er ég að vinna þetta djöbb. Þess vegna finnst mér svona gaman að vera poppstjarna. Poppstjörnur eru miklu áhrifaríkari fyrirmyndir heldur en fólk gerir sér grein fyrir og poppstjörnur geta haft mun meiri áhrif út í samfélagið heldur en jafnvel pólitíkusar. Og

ég nefnilega mæti hérna á svæðið þegar það er alger skortur á fyrirmyndum. Ég í leiðinni geri mér fullkomlega grein fyrir því hversu mikilvægar fyrirmyndir eru úti í samfélaginu og hversu mikilvægar fyrirmyndir eru ungu fólki og það er nákvæmlega þess vegna sem að ég er að búa til popptónlist fyrir ungt fólk. Ég er að stíla inn á krakkana. Ég vil vera táningastjarna. Ég vil vera framan á forsíðunni á Æskunni og ABC og helst Bravó bara næst á dagskrá og af því að ég trúi því að það er þannig sem að sé best að plægja akurinn þó það sé ekki nema fyrir framtíðina. Börn og unglingar eru örugglega fordómalausasta fólk í heiminum. Börn og unglingar geta verið svolítið miskunnarlaus við hvort annað en börn og unglingar eru alltaf til í nýjar upplýsingar og við skulum aldrei vanmeta þá staðreynd sko. Og ég hef alltaf passað mig á því að tala við börn og unglinga eins og fullorðið fólk eða bara ég hef passað mig á því að börn og unglingar séu á sama leveli og ég. Af hverju heldurðu að ég nái svona vel til þeirra? Og ég tel bara líka mjög mikilvægt að komandi kynslóðir séu upplýstar og það er allt saman að gerast núna. Það er ekkert sem ég hef brjálæðislegar áhyggjur af þessa dagana.

Það er svolítið um það en það er ekki mikið af fólki sem kemur til mín persónulega af því ég held að það sé svolítið... Ef þú værir í felum þá held ég að þú myndir hugsa þig tvisvar um áður en þú labbar upp að Páli Óskari skilurðu einhvers staðar á opinberum vettvangi. Ég meina það er eiginlega eini sénsinn fyrir þetta fólk að hitta mig og ég meina það eru mjög fáir sem að myndu labba upp að dyragættinni og dingla dyrabjöllunni þannig að það er eiginlega bara svolítið úti úr myndinni. Eina leiðin og besta leiðin til þess að nálgast mig er náttúrlega í gegnum viðtölin sem ég veiti og plöturnar og allt þetta sem ég er að bardúsa. Ég meina þessi músík sem ég er að búa til og þessi show sem ég stend fyrir eru ofsalega persónuleg oftar en ekki og ég er bara að bæta við í bókasafn Samtakanna '78 sko, aðeins meiri upplýsingum sem að einhverjir aðrir geta leitað í þegar tíminn kemur.

9742

Samtökin '78, þau björguðu lífi mínu þegar ég þurfti á því að halda. Síðan sagði ég bless. Samtökin '78 eru fyrst og fremst ok mannréttindasamtök og ákveðin stærð sem verður að halda svona ákveðnum skildi á lofti sem er algjör bráðnauðsyn sko en síðan voru aftur á móti svona ákveðnar vinnuaðferðir hjá ákveðnu fólki sem að ég fílaði ekki

beint þannig að ég ákvað að fara þarna út og byrja að vinna bara sjálfur freelance með minni hugmyndafræði og mínum ákveðnu aðferðum. Á ég að segja svolítið? Ok ég ætla bara að láta það flakka. Ojbara, ég verð drepinn fyrir þetta. Ég held að ég hafi unnið jafn mikið djöbb á síðustu fimm árum og Samtökin '78 síðustu 20 árin. Hvað varðar það að gera kannski samkynhneigð sýnilega, tala opinskátt um þetta án þess að pakka þessu alltaf inn í gjafaumbúðir sko og í rauninni hvetja gagnkynhneigt fólk til þess að byrja að tala. Og það er nefnilega sá punktur sem ég vildi að Samtökin '78 væru aktíf í og það gerðist ekki nógu duglega. Og ég lagði bara saman tvo og tvo: Ok ég er klár í þessu, ég get gert þetta dululu og það liggur fyrir að ég verði skemmtikraftur. Hvað get ég mögulega gert til þess að þetta djöbb sem ég er að fara að vinna verði mér og mínum til einhvers gagns? Hvernig get ég komið þessum upplýsingum á framfæri? Það er ekki til betri stökupallur til að koma upplýsingum á framfæri en að vera poppstjarna af því að það er oftast en ekki hlustað meira á poppstjörnur heldur en stjórnmálamenn. Og fólkið sem skiptir einhverju máli í pakkanum, fólkið sem þarf að hlusta hlustar á mig. Og það er nákvæmlega það sem er búið að gerast. Þess vegna er allt þetta gagnkynhneigða fólk, og sérstaklega gagnkynhneigðir strákar, ungir strákar búnir að hlusta á mig, búnir að meðtaka skilaboðin og búnir að chilla á þessu. Eru bara í fínnum málum með þetta. Það var meira að segja einn sem að kom upp til mín á Hótel Ísland um daginn þar sem ég var að troða upp og sagði: Páll Óskar, ég verð að viðurkenna fyrir þér, ég var ekkert að pæla í samkynhneigðu fólki og ég var ekkert að velta mér neitt upp úr þessu. En hann sem sagt bara tók í spaðann á mér og þakkaði mér fyrir það að hafa veitt sér þessar upplýsingar og að hafa kennt honum að upplifa umhverfi sitt 100 prósent. Og það er nákvæmlega það sem að ég vil að lífið gangi svolítið út á. Ég neita því að labba í gegnum lífið mitt eins og hestur með svona drasl fyrir augunum sem þú getur bara farið í eina átt. Það er rosalega óhollt. Sérstaklega þegar þú verður sextugur og sjötugur fattarðu. Og ég svona hálfpartinn krefst þess að þetta fólk sem býr með mér í þessu samfélagi geri slíkt hið sama. Veistu það, ég er ekkert ósvipaður og svona trúarofstækismenn, einhverjir vottar Jehóva. Nema hvað ég þarf ekki að banka á hurðirnar hjá einhverju fólki skilurðu á laugardagskvöldum, ég er bara í sjónvarpinu, alveg bara svona [hlær]. Það er nákvæmlega það sem þetta gengur út á að bæði ég og vottarnir erum bara að koma einhverjum upplýsingum á framfæri. Ég meina við erum búnir að upplifa einhvern sannleika sem við viljum bara að liðið hérna í kringum okkur

upplifi með og bara ég skil vottana alveg 100 prósent. Ég er bara ekki sammála þeim [Hlær].

Mistökin '78 er eiginlega bara smá brandari til þess að koma í orð ákveðinni þælingu sem að mér finnst ofsalega ógeðsleg. Samkynhneigt fólk sem gerir sitt besta til þess að lifa eins og gagnkynhneigt fólk. Samkynhneigt fólk sem er komið út úr skápnum og allt það, ekkert mál með það, en það gerir sitt besta til þess að vera með bindi og kaupa sér Casa-húsgögn og fara í IKEA og leigja börn eða eitthvað og fara á Öskubusku klukkan þrjú í Bíóhöllinni. Sem að er ekki fastur punktur í minni tilveru og er ekki hluti af mínum raunveruleika sko. Og ég er búinn að rekast á svolítið mikið af svoleiðis samkynhneigðu fólki og ég bara kýli það á kjaftinn þegar ég sé það af því að bara þau þurfa að dila við þann djöful sjálft og það er ekki alveg heilbrigt í sinni fullvissu. Ég meina, þetta er ekkert tekið út með sældinni, ég meina, sjálfskoðun er eitthvað sem þú gengur í gegnum alla þína hunds- og kattartíð. Ég geng í gegnum sjálfskoðun einu sinni á ári og ég elska það. Ég veit ekkert skemmtilegra en að fara í selfþerapíu, sérstaklega í janúar eða ég er búinn að vera að gefa út plötu eða eitthvað svona kjaftæði, þá er hraðinn svo mikill og allt að brjálást í kringum mann að maður svolítið missir af sinni eigin hraðlest og þá tek ég mig alltaf aðeins í gegn og stokka mig upp og skamma sjálfan mig aðeins og: Nei nú ertu að gera djöfulsins vitleysu og þetta er flott hjá þér blulululu... Og geri þetta svo að ég verði ekki meðlimur í mistökunum '78. Það er bara svo einfalt.

Einu sinni heyrði ég því fleygt að stelpur væru rosalega brjálaðar í mig vegna þess að ég væri hommi. Og að þær væru að rífa fötin utan af mér og tjúllast utan í mér af sömu hvötum og karlmenn tjúllast utan í lesbíum eða þegar þeir fatta straight karlmenn að það er lesbía við hliðina á þeim. Þá sem sagt vita þeir ekkert geðveikara en að geta komist yfir lesbíu til að geta sagt það í leikfimi á mánudeginum. Og þessu heyrði ég fleygt. En hvað varðar mína aðdáendur, þá eru öskur og læti hluti af showinu hjá mér. Ég er að stuða liðið, ég meina ég held á liðinu eins og strengjabrúðum, ég ræð. Ég verð líka að halda utan um taumana því ef ég geri það ekki þá getur farið dálítið illa sko. Og þessar sömu stelpur sem eru kannski alltaf rosalega nálægt sviðinu alltaf þegar ég treð upp og reyna að rífa í fötin og svona dót, þetta eru nákvæmlega sömu stelpurnar sem koma síðan til mín kannski viku seinna og fá hjá mér áritun og eru ljúfar sem lömb og

Þetta náttúrulega gengur bara út á það hvað ég er að gefa í skyn. Og ef ég reyni að vera eitthvað stuðandi þá get ég alveg stuðað liðið og það, þetta er kannski einn af mínum hæfileikum sem ég geri mér grein fyrir að ég bý yfir, að ég á mjög auðvelt með að stinga mér í samband við fólk. Ekki bara eitt og sér heldur á ég líka mjög auðvelt með að stinga mér í samband við 12.000 manns á 17. júní og ég er að reyna að nýta þennan hæfileika til góðs og ég vil að fólk skemmti sér og ég vil að fólk fórni höndum yfir því að það sé til og lifandi. Og ég vil líka kannski svolítið að fólk... Það er ekkert að ástæðulausu að ég pikka upp þetta lag *Ljúfa líf, ljúfa líf* og ég klára alltaf hvern einasta konsert á *Ljúfa líf, ljúfa líf* af því að með því lagi er hringnum svolítið lokað sko. Með því að vera samkvæmur sjálfum sér, segja sannleikann, hafa húmor fyrir sjálfum sér, viðurkenna mistök, læra að fyrirgefa og kunna að fyrirgefa að þá geturðu bara farið að spenna sætisólarnar og farið í smá rússíbanuferð sem er bara ljúfa líf, ljúfa líf. Og muna það í hvívetna að vera bara góður við fólk. Því það ber alveg svo ótrúlega ótrúlegan ávöxt. Á endanum.

Eitthvað fólk utan í bæ vill meina að ég vaði kannski í kvenfólki en ég kannski veð í kvenfólki upp að geirvörtum því þær ná mér bara upp að geirvörtum en það er ekkert kynferðislegt í gangi sko. Ég skal aftur á móti með fullri vissu trúa fyrir því að ég veð í karlmönnum og þeir ná mér aðeins... Ég skal bara í fullum trúnaði trúa þér fyrir því að ég veð í karlmönnum og ég fíla það í botn og ég fíla reyndar ekkert annað og það er nákvæmlega það sem að ég, það er þannig sem ég funkera sko.

Veist ég hef líka heyrt frasann sko: Þú átt bara eftir að finna hina einu réttu og eitthvað. En þetta er bara orðin svo ógeðslega hallærisleg klisja að ég nenni henni ekki, svo gömul upphitun sósa og sko ég get alveg að sama skapi labbað upp að þér og trúað þér fyrir því að ég er svo ógeðslega klár að totta að ef þú færð tott hjá mér þá verður bara ekki aftur snúið. Sorry. Ég get farið í heimsmeistarakeppni... og meikað the finals.

Ég var ekkert æðislega mikið lessufan svona til að byrja með, þegar ég var að koma út og svona. Ég umgengst ekkert margar lesbíur en af einhverjum orsökum þá eru stelpur farnar að sækja í sig veðrið núna á tíunda áratugnum. Og mér finnst þessar nineties lessur æðislegar. Af því að þær eru í rauninni, já boðberar nýrra tíma og þær eru aktífari, ég upplifi þær sem aktífari og sætari og skemmtilegri og ekki jafn dramatískar einhvern

vegin. Af því fyrsta klisjan sem ég heyri um lesbíu var að lesbíur forðuðust að koma út úr skápnum vegna þess að þær vildu helst reyna að forðast að vera traðkað á tvisvar í gegnum tíðina. Í fyrsta lagi fyrir það að vera kona og síðan í öðru lagi að vera lesbía og lesbíurnar sem ég er að kynnast þessa dagana eru fyrir löngu búnar að sko... nenna þessari pælingu ekki. Og sömuleiðis ég, strákarnir, sko þessir strákar í yngri kantinum, þeir eru að gera sitt besta til þess að forðast klisjur og þeir eru stöðugt að vinna í því að vera ungt fólk sem er aktíft í samfélaginu og er engan veginn annars flokks þegnar. En þannig var svolítið lagt af stað í upphafi kannski og ég held að gamla kynslóðin hafi það svolítið á samviskunni að hafa lagt af stað með þennan annars flokks þegn sitjandi svolítið á bak við eyrað alla tíð. Þess vegna er það kannski svona sterkt í þeim að halda alltaf kjafti, nei nei nei nei nei... [kastari slokknar].

Sko ef þú ferð að tala um réttindabaráttu við mig þá líður mér eins og Rauðsokku... Ég get það ekki. Á... Réttindabarátta er eitthvað svo seventies þú veist og ég var alltaf fyrstur manna hérna í þessari fjölskyldu að slökkva á sjónvarpinu þegar það kom Kastljós eða Þingsjá eða eitthvað svona. Mér finnst það ógeðsleg pæling. Svo er ég bara í miðju dramanu hérna í réttindabaráttu samkynhneigðra og hef ekki í rauninni hugmynd um hvað ég er að gera en ég er að gera mesta gagnið og það er nákvæmlega þess vegna sem þetta virkar. Pældu í því að fólkið sem að fattarðu, ef þú veist ekkert hvað þú ert að gera, ef þú kemur alveg bara allsber á svæðið þá gerirðu eitthvað gagn, því þú í rauninni, þú verður að vera nógu naív í hringamiðjunni til þess að hafa í rauninni hugrekki til að gera almennilegt gagn og stökkva út í djúpu laugina sko. Þetta var nú rosalega ljóðrænt sko en það er svona basically það sem ég hef að segja.

Sko ég er að monta mig af því hérna úti um alla Evrópu núna að Ísland sé mest gay-liberal country on earth [hlær]. Það er alveg satt og þegar við lítum okkur nær þá, jú erum við hvað varðar staðfestu samvistina og þessa löggjöf og allt þetta dót. Við erum komin lengra en Þjóðverjar sem voru að halda upp á það á þessu ári að það eru 100 ár liðin síðan fyrstu Samtökin '78 í Þýskalandi voru stofnuð. Og Þjóðverjar eru samt ennþá og þeir voru jú svolítið skömmustulegir yfir því að fatta það að það eru doing 100 ár liðin og það eina sem þeir eru að pæla í ennþá er að halda partí og nógu flott dragshow sko. Samtökin '78 næstum því gleymdu sér í þeirri hringamiðju líka sko. Að þetta gekk svolítið út á það að vera með diskótek og partytime og út að you know what. En var

Það ekki líka vegna þess að... Þetta sem ég var að tala um áðan að samkynhneigt fólk sem að kappkostar það að lifa eftir settum reglum sem gagnkynhneigt fólk hefur sett. Ég var að segja áðan að gagnkynhneigt fólk fókuserar alveg ótrúlega mikið á kynlíf samkynhneigðra og það er ekkert annað sem kemst að. Það kemst ekki að áhugamál samkynhneigðra eða lífstíll samkynhneigðra eða hvað þeim finnst gott að borða eða eitthvað svona. Það kemst ekkert annað að en kynlífið og hvernig í ósköpunum gera þeir það og hvað oft og eitthvað. Og þegar það er ekki fókuserað á neitt annað að þá náttúrulega verður það til þess að meirihluti samkynhneigðra hugsar bara ekki um neitt annað og það er nú aldeilis kreppan sem að mörg baráttusamtökin fundu sig kannski í. Það var kannski settur einhver fundur: Við ætlum að koma þessu í gegn, ok höldum partí. Síðan var bara vaðið inn á diskótekið og algerlega gleymt sér í einhverju rosa fylleríi og rugli af því það var svo brjáláð stuð. Það er ekkert mál það er alltaf gaman að hafa stuð en einmitt kannski slysaðist sumt samkynhneigt fólk til þess að líta framhjá þessari raunverulegu réttindabaráttu sem það hefði átt að vera að standa í af því það var aðeins of mikið partí í gangi sem að var í rauninni tríggerað af gagnkynhneigðu fólki. Þetta er mín þeoría.

Já. Þetta gerir eitt sem að er alveg frábært. Þetta gerir samkynhneigða sýnilega í þessu samfélagi. Sko það er nefnilega ákveðinn punktur sem er svo ótrúlega mikilvægur sko. Ég er ekkert voðalega hrifinn af því að tala mikið um mitt einkalíf. Ég skal tala eins mikið og ég mögulega get um kynlíf samkynhneigðra og svona dudduruddududd en ég hef aldrei verið neitt voðalega hrifinn af því að kjafta voða mikið um mitt einkalíf í svona viðtölum. En núna skal ég aðeins bregða út af laginu. Ég skal segja þér eitt. Ég hef átt í pínulitlum erfiðleikum með að ganga út hérna á Íslandi sko og get í rauninni ekki sagt að ég hafi átt almennilegan kærasta núna svona í sex ár hérna á Íslandi. Ég tel ekki með svona tveggja, þriggja mánaða fling. Það eru búin að vera nokkur svona tveggja, þriggja mánaða fling en þau hafa alltaf endað eftir þann reynslutíma, eftir þennan reynsluakstur vegna þess að verðandi kærastarnir mínir hafa ekki haft hugrekki til þess að halda áfram. Þeir hafa ekki viljað hlýðnast mér í þeirri skilyrðislausu kröfu minni að ekki bara elska mig heldur líka elska lífið mitt og lífsstílinn minn. Einn af mínum lífsstílum er til dæmis að fara í bíó. Það var í flestum tilvikum mjög erfitt fyrir mig að fá þessa kærasta mína með mér í bíó vegna þess að þeir vildu ekki láta sjá sig með mér á opinberum vettvangi. Þeir vildu ekki haldast í hendur og labba niður

Laugavegin og svo framvegis, og þegar ég fór að inna þá eftir raunverulegum ástæðum að þá kom oftast en ekki upp svona súrrealísk svör og svolítið barnaleg eða eins og einn þeirra sagði: Hvað ef við förum saman í Bíóhöllina og það er allt í einu bara blaðamaður frá Dagblaði Vísis sem tekur mynd af okkur og allt æðislegt drama og við á forsíðu daginn eftir. Eins og hann væri Antonio Banderas og ég væri Melanie Griffith fattarðu. Þeir sem sagt í rauninni vildu ekki taka þátt í mínum raunveruleika af því að það að vera ástfanginn og það að ganga alla leið í því að vera ástfanginn er mjög mikill raunveruleiki fyrir mér sem ég er að reyna að láta rætast sko. En til þess að vera með svona náunga eins og mér, þá þarftu alveg helvíti mikið hugrekki. Og ég er bara ennþá að hinkra eftir því sko. Þetta með staðfestu samvistina gerir það að verkum að kannski fleira fólk sér sér leik á borði og teflir fram lífsstíl sínum út í umhverfið. Ekki bara inni í stofu því að það er svo hrikalega óholtt og lýjandi þegar nær dregur grafarbakkanum.

Ef ég giftist þá verð ég líka bara eins og Elizabeth Taylor. Þá geri ég bara skriflegan samning fyrst. Ekki að ræða annað. Þú færð engan helvítis 50 prósent kvóta þegar allt fer til fjandans og ég merki bækurnar og geisladiskana. Ég á Planet of the Apes [hlær].

9743

Á ég að segja þér eitt? Fyrir svona fjórum árum síðan þá sá ég mér leik á borði og fór að hata straight fólk. Af gefnu tilefni, ég er búinn að heyra svo margt straight fólk segja: Ég hata homma, að þá ákvað ég að snúa taflinu við og ég gekk um stræti og torg og sagði: Ég hata straight fólk! alveg svona, þetta var hálf dímonískt hjá mér. Og þegar ég byrjaði að svona leika mér að því að hata þá komst ég líka að því að ég hafði bara helvíti mikið að hata. Það fór eiginlega hreint og beint í taugarnar á mér hvað ég elst upp í ógeðslega straight samfélagi. Hatur mitt á gagnkynhneigðu fólki átti sér ákveðinn upphafspunkt. Það var þegar einhver vipptaði sér að mér og sagði: Ok, Palli, við vitum að þú ert hommi en þarftu að minna okkur á það á hverjum einasta degi? Og ég sagði: Já. Ég þarf að minna ykkur á það á hverjum einasta djöfulsins degi vegna þess að þið eruð að minna mig á það að þið séuð straight hvern einasta drottins dag sem ég vakna. Þið eruð að sýna mér giftingarhringina ykkar og þið farið með börnin ykkar niður á tjörn og svona og þið leiðist niður Laugavegin og ekkert vesen. Síðan kaupði ykkur Rowenta kæliskáp og allt þetta dót og örbylgjuofn og kling og eruð sífellt að splæsa í

einhverjar íbúðir og ég fletti ekki Dagblaðinu Vísi á sumrin nema að það séu heilsíður af giftingarhugleiðingum og auglýsingum alveg bara dag eftir dag. Og síðan kveiki ég á sjónvarpinu og þá kemur einhver svona ein býð á paradís Bountyauglýsing og þar er einhver pía sem er bara svona gorgeous fyrir framan einhvern ákveðinn stegg að gera sig til í tuskið og síðan er bara parið á ströndinni að kyssast á undan Stundinni okkar. Og svo kveiki ég á MTV og þar er einhver Boys to Men grúbba skilurðu æðislega homoerotica nafn en hvað eru þeir að syngja? „Girl don't you leave me this way“ og öll tónlist og allir dægurlagatextar og allt svona stöff er ógeðslega kyngert. Þannig að þið eruð víst að minna mig allan djöfulsins daginn að þið séuð straight og þið séuð straight og þið séuð straight. Vegna þess að það er ákveðinn hluti af ykkar raunveruleika og það er eitthvað sem að þið kaupið inn í ykkar samfélagi skilurðu. Þetta er ykkar norm. Ég sá mér leik á borði og ákvað að minna ykkur á það á hverjum einasta djöfulsins degi að ég sé gay. Og ákvað að hafa bara mína hentisemi með það sko og tékka á því hvað mundi gerast ef við gerðum svona eins og eitt gay músíkvídeo. Og all hell broke loose og mér fannst það ógeðslega óréttlátt. Forsaga málsins er sú að ég sem sagt... Nei eitt sem ég verð að segja í viðbót. Það er nefnilega svo skrítið, það er ein mjög hörð lexía sem ég hef þurft að læra í gegnum þetta líf mitt, eitthvað sú versta lexía sem ég hef þurft að læra er sem sagt sú að einmitt þegar þú heldur að allt fólkið í kringum þig sé orðið svo æðislega upplýst og allir séu orðnir svo góðir að þá færðu nefnilega fordómanna sem eru grasserandi eins og skordýr svona undir niðri, þú færð þá framan í þig eins og blauta tusku með þriggja daga gamalli mjólk í 1000 sinnum verr en þú fékkst hana síðast. Og ég heyrði eina þeoríu sem að mér finnst ákaflega skemmtileg í kvikmyndinni Men in Black. Statementið var hreinlega það að einstaklingurinn getur alltaf verið brilliant en samfélagið er alltaf stupid. Ég því miður þurfti að skrifa undir þessa pælingu þegar ég officialt læt þetta músíkvídeo hjá mér í dreifingu. Ég fékk líka að læra það svona the hard way að það er mjög þunn lína milli aðdáunar og haturs og það er ekkert sem að ég get gengið að vísu þegar að kemur að þessum blessaða bransa sko eða bara fólki almennt. Jæja, dæmið er sem sagt það að ég er búinn að gefa út plötu jólin '95 sem var svona ballöðuplata, mjög vel heppnuð og skemmtileg og þetta var svona haha bara coverversionir af alls konar lögum sem ég fíla. Og ég vildi fyrst og fremst gá að því hvort ég gæti verið svona producent á plötu á annað borð og hvort ég gæti gefið út plötu og borgað vaskinn og tollinn og þetta allt kjaftæði til þess að sú plata yrði kannski stökkpallur fyrir eitthvað annað og meira. Það

er eitt lag á þessari ballöðuplötu sem heitir *Making Love* og það er samið af uppáhalds tónskáldinu mínu sem hefur milljón sinnum bjargað lífi mínu hreinlega sko og hann heitir Burt Bacharach. Og textinn í laginu er eitthvað á þá leið eða inntak textans er: There is more to love than making love. Og ég settist niður og fór að pæla aðeins í textanum, ég þurfti ekki að pæla í laginu, þetta er yndislegt lag. Ég fór að pæla hvað er svona mikið more to love than making love? Ok ég komst að þeirri niðurstöðu að jú ef að sem sagt ástarsamband á að geta þrífist á einhverjum raunverulegum nótum og raunverulegum forsendum að þá verðum við náttúrlega að vera ástfangin af hvort öðru, ekki bara sexualt og hvað við séum vel vaxin og falleg og frábær og fyndin og það allt saman heldur líka verðum við að vera ástfangin af hversdagsleikanum. Raunveruleg ástarsambönd þrífast bara í hversdagsleikanum. Fyrstu þrír mánuðurnir eru ekki teknir því það er bara tilhugalíf og rúmrusk. Þannig þegar því sleppir að þá verðum við að fara að vaska upp og fara í göngutúr og bíó og rífast yfir sjónvarpsstöðvunum og ryksuga og bursta tennurnar. Ég sem sagt ákvað að gera myndband við þetta lag sem að yrði portrett af ímynduðu ástarsambandi sem að ég ætti í. Náttúrlega til þess að þetta myndband yrði einhvern veginn hluti af mínum raunveruleika þá náttúrlega er karlmaður þarna í spilinu. Myndbandið er svo sauðmeiðlaust að það hálfa væri nóg, sérstaklega framanaf þar sem við erum að gera bara nákvæmlega þetta, bursta tennurnar, raka okkur, ég er í sturtu og eitthvað svona dót og ég ákvað að skjóta vídeóið með svona heima super8 millimetra kameru sem er notuð í heimahúsum til að gera myndbandið svona persónulega og láta kannski áhorfendurnar fá það pínu á tilfinninguna að hann hafi verið að læðast í eitthvað persónulegt. Og það aldeilis heppnaðist. Nema hvað ég ætla ekki bara að klína einhverjum hversdagsleika út um allt vídjóið af því í ástarsamböndum eru líka einhver atlot og á endanum erum við góðir við hvorn annan. Sem sagt, jú, það var kynlífssena í þessu vídjói sem að gekk meira út á það að vera, já, góðir hvorn við annan, þetta voru ekki ríðingar eins og fólk fór að mála skrattann á vegginn og þetta var ekki klám, viljiði gjöra svo vel að hlífa mér við því sko hér og nú. Ég sem sagt geri þetta myndband og ég er þess fullviss að þetta svona sé einn af hápunktum listamannsferils mins. Sérstaklega af því að þetta er myndband sem ég gerði sjálfur algjörlega. Við skutum þetta sjálfir og ég klippti þetta sjálfur og lét þetta synca og svona dót og bara afgreiddi málið. Til að gera langa sögu stutta að þá er þetta myndband tekið úr umferð á öllum sjónvarpsstöðvunum og forráðamenn og forstöðumenn allra sjónvarpsstöðvanna gátu varið sig með þrem mismunandi sögum.

Þrjár mismunandi sjónvarpsstöðvar voru þarna að taka þátt í þessu og það voru þrjár mismunandi sögur. Uppi á Stöð 2 var mér sagt að hann Páll Baldvin hefði ekki fílað hvernig myndbandið komst inn. Það fór ekki inn eftir réttum leiðum og það var ekki skrifað undir ákveðna pappíra og að Stöð 2 ætti á þessum tíma í rosalegu rifrildi við FÍH og STEF vegna stefgjaldavesens sem væri eitthvað grilljónir og þess vegna vildu þeir ekki spila það. Upp á Stöð 3 spurði hún mig hreinlega: Af hverju gerirðu þetta? Og hún virkilega heldur að ég sé að labba sjálfviljugur upp að höggstokknum sko á í rauninni hátindi ferils míns. Og uppi á Rás 1 var mér sagt að þetta myndband hefði farið í spilun fyrir slysi á undan Stundinni okkar og það hefði sem sagt aragrúi bálreiðra húsmæðra hringt inn og tjúllast yfir því að blessuð börnin blessuð börnin hefðu orðið vitni að þessum viðbjóði. Og ég held ég hafi aldrei verið jafn sko, ég varð ekki örvæntingarfullur en þetta var svolítið svona eins og fóstureyðing og mér svolítið leið eins og ég þyrfti að fara að byrja aftur uppá nýtt sko 1986 einhvern veginn. Eins og það hefði bara ekkert gerst. Eins og enginn hafi gripið boltann og öllum hafi verið drullu sama. Mér leið virkilega eins og rjóminn af þessari þjóð hafi bara verið að pæla í hvernig fötum ég hafi verið. Og það voru geðveik vonbrigði. Ég næstum missti álit á mannkyninu og ég varð upp frá þessum degi bar ég mjög skeptískur á mannkynið. Eftir að þetta gerist þá passa ég mig miklu betur á því hvað ég segi við fólk og ég í rauninni geri bara ráð fyrir því að allir séu hálfvitar. Nema bestu vinir mínir hérna. Og veistu hvað mér finnst ógeðslegast af öllu? Að verða vitni að því að fólk er tilbúið til þess að skýla hommafóbíu sinni á bak við blessuð börnin sín blessuð börnin sín allan daginn. Þetta klímaxaði í Þjóðarsálinni á Rás 2 þegar allt var svona að verða vitlaust, þá var fólki leyft að hringja inn og blaðra um þetta vídjó og þetta skiptist mjög mikið á milli krakkanna sem fíla mig, ég fékk það gjörsamlega úr því skorið að það eru krakkarnir og unglingarnir sem eru búnir að grípa boltann. Það voru krakkarnir sem hringdu og stóðu fyrir mér og sögðu: Hættið að dissa Palla, og svona dót og strax á eftir hringja húsmæðurnar og segja: Blessuð börnin blessuð börnin hafa ekki hugmynd hvað þau séu að tala um, og þar fram eftir götunum. Þegar þetta ákveðna, óupplýsta, tiltölulega fáfróða, heimska, gagnkynhneigða fólk hafði gert sig að nógu miklu fífli á öldum ljósvakans þá gerist nefnilega eitt svolítið merkilegt svona undir lok þáttarins að það fór annað gagnkynhneigt fólk að hringja í þáttinn og segja: Heyrðu viljiði gjöra svo vel og fara ekki að halda það að þetta ákveðna fólk sé að tala fyrir hönd allra gagnkynhneigðra. Af því að og það var einn af þessum gagnkynhneigðu sem hringdu

og tók upp hanskan fyrir mér og sögðu einmitt að: Já ok þeir eru búnir að vera að hlusta á þetta, og þeir eru búnir að vera að hlusta á ákveðið fólk tala í rauninni fyrir sína hönd og þeir viðurkenna það að þeir séu búnir að heyra mjög mikið af svona bullshitti um samkynhneigð í gegnum tíðina sko og þeir hafi ekki nennt að taka upp tólið eða nennt leggja orð í belg af þetta það var kannski svo fjarlægt þeim en núna varð þeim eiginlega svolítið nóg boðið af því þetta var svo rosalega obvious dæmi og þegar ég komst að þessu og þegar ég fékk meiri viðbrögð frá gagnkynhneigðum en samkynhneigðum við þessu múvi að þá fannst mér svolítið björninn unninn og þarna fannst mér stærsti björninn vera unninn. Það sem við hljótum að vera að gera í þessari blessuðu réttindabaráttu okkar er að fá samkynhneigða og gagnkynhneigða til að tala sama tungumál og gera okkur grein fyrir því að þetta bara gengur ekki öðruvísi en að við vinnum saman. Eins seventies og það kann að hljóma. en staðreyndin er nefnilega sú að við erum í þessu samfélagi saman. Við getum ekki búið til einhverja hommanýlendu. Við erum hér úti um allt. Og það sem gagnkynhneigt fólk er að gera sér grein fyrir hægt og bítandi er að stereótýpunar sem það hefur kannski verið að fleyta sér á og þá er ég að tala um einhver algjör fiðrildi sem labba um stræti og torg og segja: Guð minn almáttugur og he he he, eitthvað svona að gildi stereótýpanna og vægi þeirra fer minnkandi vegna þess að það er samkynhneigt búið að koma út úr skápnum sem er farandverktakar og verkafólk og poppstjörnur og prestar og stjórnálamenn og læknar og kennarar og rónar og fólk sem vinnur á Hard Rock og fólk sem vinnur á hárgreiðslustofum og í tískuvöruverslunum, fólk sem er listamenn og málara og tónlistarfólk og prógrammarar og tölvuprógrammarar og sjónvarpskamerufólk og ég veit ekki alveg hvort ég ætti að fara og vaða í símaskrána og fletta upp gulu síðunum og benda á í hversu mörgum stéttum samfélagsins samkynhneigt fólk finnst. Ég nenni því bara ekki, ég hef ekki tíma til þess.

En þegar gagnkynhneigt fólk gerir sér grein fyrir þessu og andar rólega yfir pakkanum að þá er björninn unninn. Við erum ekki að berjast við sterkari björn en þetta í sjálfu sér. Og það er ekkert annað sem ég bið um. Ég er búinn að fá öllu mínu framgengt. Ég er búinn að fá allar mínar óskir uppfylltar alveg nákvæmlega eins og Gúmmí-Tarzan bara. Ég er búinn að fá öllum mínum kröfum um það að vera fyrsta flokks þegn í þessu samfélagi sem fær að vinna í ábyrgðar og áhrifastöðu. Þú veist, þetta hefur gengið alveg snuðrulaust fyrir sig vegna þess að ég líka sýndi fram á það að ég gæti axlað þessa

ábyrgð. Og það var sem sagt gagnkynhneigt fólk úti í bæ sem treysti mér til að vinna þessa vinnu. Ég síðan sá mér leik á borði og treysti þeim líka til að treysta mér fyrir því og þetta gengur allt í hringi sko. Þegar ég fer að hugsa til þess þá var ég einu sinni spurður að því hvort allt mitt samstarfsfólk væri samkynhneigt og hvort ég leiti frekar til samkynhneigðra til þess að vinna mína vinnu frekar en hitt. En ég skal fúslega viðurkenna fyrir þér að eiginlega allt mitt staff er gagnkynhneigt. It's the shocking truth.

En öll el birtir upp um síðir eins og ég sagði og þetta var bara ákveðin skólun þetta myndband. Þetta var svona eins og að taka samræmduprófin. Og þetta myndband fékk nú aldeilis uppreisn æru. Svona ári seinna næstum því var verið að halda keppni um besta myndband ársins hjá gettu hverjum, ríkissjónvarpinu. Og *Making Love* myndbandið var valið annað besta myndband ársins fyrir hvað það var, ja dómnefndin lét þau orð falla að þetta væri einlægasta myndband sem þau hefðu nokkurn tímann séð. Þau gátu ekkert séð athugavert við tæknivinnuna á því og formið á myndbandinu, formatið var alveg rétt og þetta er eitt af fáum músíkmyndböndum sem hafa verið unnin hérna á Íslandi sem að hafa haft einhverja sögu að segja og verið eitthvað statement frá upphafi til enda og að hugsunin á bak við myndbandið var heil. Og ég fékk önnur verðlaun. Og þess vegna trúi ég því að svo uppsker sem maður sáir sko. Ef þú ræktar í sannleika að sko þá get ég fullvissa þig um það að þó eitthvað fólk úti í bæ fríki út yfir hvernig babyið þitt eða blómið lítur út.

Þetta kenndi mér einfaldlega það að svo uppsker sem maður sáir og ef maður ræktar í sannleika þá uppsker maður eftir því. Og uppskeran verður góð og litla gula hænan étur brauðið sitt sjálf.

Af því það er margt gott við Ísland. Ég fíla ofsalega margt við Ísland. Og við verðum að passa okkur á einu. Við Íslendingar eigum til að mála svolítið kannski skrattann á vegginn. Djöfull er allt ömurlegt og... mmm. Við eigum rosalega auðvelt með að kvarta. En það sem við þurfum að gera er að skreppa bara aðeins til annarra landa og skoða okkur um og það mun alltaf koma upp heimþrá. Og við munum gera okkur grein fyrir því að, ekki nóg með það að það sé tiltölulega auðvelt fyrir okkur að fá vinnu hérna, heldur er bara auðvelt að þrífast hérna. Í stórborgum til dæmis þar sem ég á að þykjast vera að fara að vinna einhverja vinnu. Það tekur mig 45 mín að komast á

ákvörðunarstaðinn. Bara til að gá hvort kallinn sé við eða eitthvað. Hér stekk ég bara upp í bíl og er kominn upp í Rígháls eftir fimm mínútur. Heldurðu að ég hefði getað gefið út tvær sólóplötur á tveim árum og séð um músíkvidjón og séð um promoteringuna og gefið áritanir og troðið upp og plaffplaffplaff... Heldurðu að þetta hefði verið gerlegt einhvers staðar annars staðar en á Íslandi? Láttu þig dreyma sko. Þannig að Ísland er einhver sá albesti rokkskóli sem ég hefði nokkurn tímann getað komist í. Ég er núna að fara á önnur mið, reynslunni ríkari og veit alveg hvað ég syng. Ég er að fara að gera nákvæmlega sömu hlutina, nema hvað að þetta er núna í stærra formi og ég þarf aðeins að ljósrita sjálfan mig og þar af leiðandi finna fólk sem getur unnið þessa vinnu fyrir mig á sama hátt og ég myndi vinna hana sjálfur. Þannig að ég er að bretta upp ermarnar núna og kýla á stærri pakka. Við skulum alveg sjá til hvort ég sé að fara að gera sama gagn þarna úti sem einhver kyndilberi samkynhneigðra en ég er nú þegar spurður í viðtölum þarna úti: Ertu gay? og ég segi: Já, og ok. Það er ekki að ég sé gay þarna úti sami fókuspunkturinn og ég upplifði fyrir sjö árum síðan þannig að ég verð að trúa því að heimur batnandi fer.

Og síðan söngvari og síðan eitthvað. En hægt og bítandi vegna þess að ég var tilbúinn að upplýsa fólkið um hvað það væri að vera hommi að þá hægt og bítandi gat ég snúið þessu viðhorfi við eins og sokk. Og ég þurfti að vera svolítið þolinmóður til þess og það tók tvö ár bara fyrir fólk að komast yfir það en núna gæti því ekki verið meira sama og það sem ég er lang ánægðastur með hér á Íslandi er að ég þótt ég sé samkynhneigður er alveg jafn samkeppnisfær toppari og Bubbi Morteins eða eitthvað álíka stærð í bransanum. Veistu hvað ég held að Björgvin Halldórsson og Bubbi Morteins hafi virkilega haldið að það yrði ekkert úr mér. Að ég væri ekkert til að hafa áhyggjur af af því að þetta mun aldrei komast að... Well I proved them wrong, didn't I?

Ok 17. júní 1996 var svolítið frábær fyrir margra hluta sakir og svolítið merkilegur af því að þetta var í eitt af fyrstu skiptunum sem að ég fékk að troða upp fyrir 12.000 manns á Lækjargötunni og í öðru lagi þá voru þessi nýja reglugerð og lög in um staðfesta samvist að ganga í gildi. Og ég var einmitt á sviðinu á 17. júní og var eitthvað að blaðra eins og mín er von og vísa og var ekkert að delera með það að núna væri að koma að því að ég gæti farið að gifta mig og 12.000 manns, nei segjum svona 6.000 manns aðallega stelpurnar: Vvvvvvvaaaaahhhh!

Mér finnst ekkert merkilegt við þetta enda get ég ekki alveg sagt til hvað... Mér leið bara eins og allir væru að samgledjast mér. Í alvöru. Mér leið bara eins og allir væru að samgledjast mér.

En veistu hvað að ef að Páll Óskar 1975 hefði verið alinn upp við svipaðar aðstæður og eignast svipaða vini og verið umkringdur sama fólkinu og hefur hvatt hann áfram alla sína hunds og kattartíð þá held ég jú víst. Af því að mín vinna var ekki unnin með þessum tveim höndum. Það var alls konar input sem ég fékk frá fólkinu sem ég umgengst og fólkinu sem ég hitti á leiðinni og síðan öllum þessum dásamlegu vinum og kunningjum sem kyntu undir lestinni. Þannig að þetta var svona svolítið réttur maður á réttum stað og tralalalala svona sem hálfgerður grís.

9744

Já, ég var einmitt nýbúinn að vera í *Rocky Horror*, gerði Frank 'n Further fyrir *Rocky Horror* í Iðnó. Leikfélag MH leigði Iðnó og Kolbrún Halldórsdóttir leikstýrði og það var algert kikk og hver einasta sýning var alger sprenging og hún ómar eins og sprenging ennþá í hausnum á mér enn þann dag í dag. En svo kom að því að allir vissu hver ég var og svona og allir vissu að ég var gay og hvað áttum við að fara að gera? Og þá kemur Maríus í heimsókn. Maríus besti vinur minn í heiminum og reyndar erum við Maríus svolítið líkir að mörgu leyti. Fólk á það til að rugla okkur saman og svona og það erum eiginlega bara við tveir sem að vitum hvernig við skynjum hvorn annan. Maríus síðan kemur í heimsókn til mín þegar að ég bjó á Laugaveginum alveg óður og uppvægur með honum Gísla og segir, honum lá svo mikið niðri fyrir og segir: Heyrðu, við erum að fara að búa til stað. Og ég svona já, og Maríus ætlar að bjóða mér vinnu að gera það skemmtilegasta sem ég get gert á jörðinni. Og ég svona: Hvað er það? Búa til bíómyndir? æðislega tregur eitthvað. Þá var sem sagt Maríus fenginn til að vera skemmtanastjóri yfir stað sem var þá orðinn tiltölulega niðurníddur og átti sér svolítið skringilega sögu. Þetta er staður sem var nálægt Hlemmi og var búinn að ganga undir ýmsum nöfnum. Uppi og niðri og Keisarinn og hohoha eitthvað og hafði hýst skemmtiatriði eins og PANhópin vísiförla sem panaðist alveg út um allar trissur á nærhöldunum og þetta hreysi fengum við til þess að stofnsetja fyrsta algerlega

samkynhneigða skemmtistaðinn á Íslandi, Moulin Rouge. Og við vissum það alveg frá fyrsta degi að þetta yrði semsagt gay skemmtistaður, diskótek, bar og til þess að trekkja fólk að þá urðum við náttúrliga að standa fyrir einhverjum show-um. Og Maríus var bara allt í öllu. Þetta var Maríus, Gísli og ég sem vorum svona aðal driffjaðrirnar á svæðinu. Ég kom nú inn í þetta síðastur allra nema hvað við þurftum eiginlega að gera allt frá því að ráða fólk í vinnu og vera stjórnurnar á staðnum og síðan skúra eftir okkur sjálfir og þetta var alveg rosalegt stuð og stuðið náði síðan hámarki sumarið '91 þegar við höldum Ungfrú þokka keppnina sem að er fyrsta dragdrottningafegurðarsamkeppnin á Íslandi svo að við vitum til. Og dragdrottningar urðu bara allt í einu þekkt stærð í Íslensku skemmtanalífi og allt í einu varð bara, út af okkur spratt upp hálfgerð dragæði bara á Íslandi. Sérstaklega eftir kosningasjónvarpið, borgarstjórakosningarnar 1991, held það hafi verið í apríl. Þetta var aprílnótt þar sem ég tók Dionne Warwick með tennurnar í kjaftinum og söng *Do you know the way to San Jose* og það var rosalega erfitt að syngja með þetta helvíti í kjaftinum. Nema hvað að þarna fengum við bara þjóðarathygli overnight, stjórnur bara, á einum degi og ekkert mál og staðurinn bara púff, kúfylltist af alls konar fólki sem var til í að horfa á dragshow því þetta var svo rosalega skemmtilegt en oftar en ekki fór gagnkynhneigðaliðið heim eftir sýningar og gayliðið varð eftir.

Ég er ótrúlega klár í að, ég hef verið sem sagt vakandi í dag og ég geri þetta í dag miðað við efni og aðstæður í dag. Svo hef ég gaman að því aftur á móti að kíkja í gömul Samúel blöð frá 1976 og lesa viðtöl við Hörð Torfa. Mér finnst ótrúlega gaman að því... Ég er ekki nostalgísk manneskja að upplagi þótt ég hafi rosa gaman að safna gömlum Eurovision plötum og gömlum Samúel blöðum. Og kíki í þau og svo hlæ ég mig máttlausan. Út af viðhorfinu og vegna þess að liðið vissi ekki betur og það er náttúrliga það sem við fyrirgefum alltaf samtímanum. Samtíminn og tískustraumar eru sífellt að stríða okkur. Og draga dár að því hvað við erum vitlaus í rauninni. Og þess vegna er svo frábært að vera til. Við erum alltaf að læra eitthvað nýtt og við erum alltaf að uppgötva og fatta og fatta og fatta allan daginn. Þannig ég vona að við hlæjum eftir fimmtán ár að þessari mynd, yfir því hvað hún er yfirborðskennd og abstrakt. Og hvað umræðan um samkynhneigt fólk hefur verið sko, alltaf einhvern veginn svona alla tíð. Þetta er skilningur í gangi [hlær].

Moulin Rouge rúllaði áfram í tvö ár. Það var mjög gott að hafa þetta svona að búa til þessa stærð í skemmtanalífinu að það sé til þetta stór markhópur sko sem er gay fólk úti á lífinu og ég held að Moulin Rouge hafi komið þessari stærð á kortið ekkert ósvipað og staðfesta samvistin kemur síðan samkynhneigðu þörunum á Íslandi á kortið.

Drag samasem hommar er eitthvað sem ég skrifa ekki alveg upp á, vegna þess að dragið er búið að þrífast og nærast ofsalega vel hjá hommunum hreinlega vegna þess að ég held að þeir séu þeir einu sem að fatta raunverulega húmorinn við drag, ekki ósvipað og það eru hommar sem fatta húmorinn við Eurovision skilurðu, og hommar eiga af einhverjum orsökum mjög auðvelt með að tengja sig við alls konar svona kitsch og campy element í skemmtanalífinu sko. Kannski vegna þess að þessi sjálfsskoðun... Nei þetta er aðeins flóknara svar. Ég er með eina þeoríu. Þegar samkynhneigt fólk kýlir á það að koma út úr skápnum og fara í gegnum þessa sjálfsskoðun sem þessu fylgir og sjálfsskoðun sem er ekkert alltaf æðislega þægileg alltaf hreint að þá nefnilega stígur samkynhneigt fólk yfir ákveðinn þröskuld og fer yfir í svona ákveðið twilight zone sem að er ákveðinn prósess sem að gagnkynhneigt fólk þarf aldrei að gera. Vegna því er bara tekið sem góðu og gildu og það er bara sjálfgefið að fólk bara sé straight. Samkynhneigt fólk sem að síðan stígur yfir þennan þröskuld er að endurskoða sjálft sig alveg frá höfði og niður í tær og þarf að gera upp hug sinn á helvíti margan hátt og þarf að fara að upplifa umhverfi sitt á svolítið annan hátt en gagnkynhneigt fólk gerir venjulega. Þetta er kannski eitt, einn lykillinn að því hvers vegna samkynhneigt fólk er alltaf svona kreatíft. Það eru margir búnir að spá í það. Af hverju er til eitthvað sem heitir hommamenning? Er hommamenning til hérna á Íslandi? Moulin Rouge var vissulega partur af þessari hommamenningu. Ég er vissulega partur af hommamenningu, þótt ég vilji nú ekki skrifa undir það beint. Ég bý ekki til plötur fyrir homma, ég bý ekki til hommalög og ég syng ekki hommalega. Ég meina ég er hommi þannig að ef ég geri eitthvað að þá hlýtur það að vera homma eitthvað. Að sama skapi get ég þess vegna farið eitthvað með þig inn á Louvresafnið í París og sýnt þér Monu Lisu og sagt: Þetta er svona hommaeitthvað. Leonardo Da Vinci. Ég get líka sýnt þér klósett, ég held að hann hafi fundið upp klósettið líka: Þetta er svona homma. Þannig að ég fer varlega í að negla hommakúltúr hér og þar, en drag er mjög visual hluti af þessum hommakúltúr vissulega. En drag er síðan ekkert annað en dótturfyrirtæki leikhússins. Drag krefst allra þeirra leikhúsmiðla sem til eru til þess að það gangi upp

og þú þarft að búa yfir ákveðnum hæfileikum á þessu sviði og þú þarft að vera í ákveðinni þjálfun helst, leikrænni tjáningu og öllu því. Og þú þarft að hafa svona comic sense of timing sko ef þetta á að virka hjá þér en ég held hreinlega að þetta sé ein af ástæðunum fyrir því að hommar öðrum fremur geta einmitt farið í drag og látið það virka. Geta farið í Eurovisionparty og horft á Eurokeppnir og látið það virka. Gera sér grein fyrir því hvenær einhverjar Hollywoodkerlingar úti í bæ klæða sig hallærislega en samt fílað þær í botn vegna þess að það er ákveðið bremsuleysi í gangi. Bremsuleysi sem kannski kemur upp út af þessum þröskuldi sem liðið steig yfir þegar það kom út. Þetta er bara mín spekulásjón. En þetta er samt staðreynd. Þetta er bláköld staðreynd að hommar og lesbíur eru oftast en ekki kreatífar en straight fólk. Það er alveg hræðilega sjaldan sem maður sér eitthvað originalt koma frá straight fólki. Lítið á Séð og heyrt. Í alvöru, allt sem að sko. Allt sem að straight fólk pródúserar er dótturfyrirtæki einhverra hugmynda sem hommar fengu fyrir fimmtán árum síðan. Þetta er alveg satt. Í öllu, í fatahönnun, í arkitektúr, í fjölmiðlun, í tónlist skilurðu, í myndlist, hvað á ég að telja upp, ég get þess vegna farið og náð í símaskrána og flett í gulusíðunum. Og ég held að það sé út af þessu bremsuleysi. Og allir þessir rithöfundar og kvikmyndagerðarmenn og allt þetta lið. Núna eiga Þjóðverjar fullt í fangi með að halda Göthe í skápnum, ég meina þetta er þjóðar, þetta er eins og eitthvað þjóðarmorð. Er til eitthvað sem heitir þjóðarmorð?

Moulin Rouge rúllaði síðan í tvö ár og kom þar með þessari skemmtanaþörf íslenskra homma og lesbía á kortið og gerði landanum grein fyrir þessari stærð. Ekkert ósvipað og staðfesta samvistin kemur öllum samkynhneigðu pörunum á kortið. Þá gerði Moulin Rouge þetta gagn að skemmtanahúseigendur gerðu sér grein fyrir: Ok þetta er sem sagt þetta stór prósentu af kúnnunum, ok.